

## Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, þriðjudaginn 24. mars 2015. Haldinn í fjarfundi frá Bíldudal, Bolungarvík, Reykjavík og Ísafirði.

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir formaður (Bíldudal), Baldur Smári Einarsson (Bolungarvík), Daníel Jakobsson (Ísafirði), Ingibjörg Emilsdóttir (Reykjavík) og Nanný Arna Guðmundsdóttir (Ísafirði). Auk þess sat Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri fundinn (Ísafirði) og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og kynnti að Sigurður Hreinsson hefði boðað forföll og í hans stað sæti fundinn Nanný Arna Guðmundsdóttir. Þetta er hennar fyrsti fundur í stjórn FV og bauð formaður hana velkomna til starfa í stjórn FV.

1. Fundargerð stjórnarfundar 23. febrúar 2015  
Fundargerð hefur áður verið send út í tölvupósti til staðfestingar, en er nú lögð fram til formlegrar staðfestingar. Fundargerð samþykkt.
2. Sóknaráætlun Vestfjarða  
Samkvæmt ákvæðum 2. kafla samnings um sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 gera landshlutasamtök tillögu að reglum og umsóknareyðublaði vegna úthlutunar styrkja úr Uppbyggingarsjóði.

- a. Úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs  
Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að verklagsreglum vegna úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði, Sóknaráætlunar Vestfjarða. Tillagan er unnin af FV á grunni viðmiðs stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál og leiðbeiningu verkefnastjóra sóknaráætlunar. Framkvæmdastjóri kynnti að samstarf hefði verið haft við önnur landshlutasamtök um gerð reglnanna og efni tillögunnar hefði verið kynnt Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.

Rætt um efni reglnanna og í ljósi umræðu gerði formaður tillögu um að framlagðar reglur verði samþykktar. Í samræmi við 6. gr. samnings um sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 felur stjórn FV framkvæmdastjóra að leita staðfestingar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál á verklagsreglum og í framhaldi að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr Uppbyggingarsjóði.

Tillagan samþykkt.

- b. Umsóknareyðublað Uppbyggingarsjóðs

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að umsóknareyðublaði Uppbyggingarsjóðs, Sóknaráætlunar Vestfjarða. Tillagan er unnin af FV á grunni viðmiðs stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál og leiðbeiningu verkefnastjóra sóknaráætlunar. Framkvæmdastjóri kynnti að samstarf hefði verið haft við önnur landshlutasamtök um gerð reglnanna og efni tillögunnar hefði verið kynnt Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.

Rætt um efni eyðublaðsins og í ljósi umræðu gerði formaður tillögu um að framlagt eyðublað verði samþykkt. Í samræmi við 6. gr. samnings um

sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 felur stjórn FV framkvæmdastjóra að leita staðfestingar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál á umsóknareyðublaði og í framhaldi að auglýsa eftir umsóknum um styrk úr Uppbyggingarsjóði.  
Tillagan samþykkt.

- c. Auglýsing styrkja  
Stjórn FV felur framkvæmdastjóra að auglýsa styrki Uppbyggingarsjóðs strax og staðfesting stýrihóps stjórnarráðsins liggur fyrir. Frestur til að skila umsóknum miðist við 30. apríl nk.
  - d. Fundargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál  
Lögð fram til kynningar fundargerð 11. fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.
3. Samgöngumál.
- a. Fundargerðir samgöngunefndar FV.  
Fundargerðir samgöngunefndar FV frá 29. janúar, 2. mars og 3. mars sl. lagðar fram til kynningar. Einnig kynnt drög að yfirlitskorti af Vestfjörðum sem sýnir stöðu samgöngu og fjarskiptakerfis á Vestfjörðum. Vegna forfalla Sigurðar Hreinssonar formanns samgöngunefndar FV á fundinum þá er umræðu um stefnumörkun í samgöngumálum frestað til næsta fundar.
4. Önnur mál
- a. Staða atvinnumála í Strandabyggð.  
Rædd staða atvinnumála í Strandabyggð vegna fyrirhugaðar sölu um helmings aflaheimilda.
  - b. Áhrif ívilnana vegna nýfjárfestinga.  
Daníel Jakobsson tók til umræðu áhrif samnings ANR við Matorku ehf um ívilnir í nýfjárfestingu í bleikjueldi við Grindavík. Nú er til umræðu á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um ívilnanir til nýfjárfestinga og samningurinn gerður með fyrirvara um afgreiðslu þeirra laga.

Formaður gerði tillögu að bókun.

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) lýsir áhyggjum af samkeppnisstöðu fyrirtækja í bleikjueldi í ljósi samnings atvinnu og nýsköpunarráðuneytis við Matorku. Það er mat stjórnar FV að hér séu stjórnvöld að veita nýju fyrirtæki verulegt samkeppnisforskot á fyrirtæki sem starfa í sömu atvinnugrein.*

*Stjórn FV bendir á að fyrirtækin hafa um langt árabil lagt fjármuni og vinnu að þróun í eldis og ekki síst markaðssetningu á bleikju á erlendum mörkuðum. Samtímis eru þessi fyrirtæki mikilvægir aðilar í atvinnulífi sveitarfélaga sem búa við einhæft og brothætt atvinnulíf. Skert samkeppnisstaða þeirra með aðgerðum stjórnvalda geta því leitt til erfiðleika í rekstri þeirra með fækkun starfa eða lokun starfsemi.*

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga beinir því til Alþingis, sem hefur nú frumvarp um ívilnanir til umfjöllunar, að taka þetta mál til rækilegrar endurskoðunar.*

Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.